Fullgild rafræn undirskrift
SÆDÍS MARÍA JÓNATANSDÓTTIR
Kennitala: 140374-3189
2023-09-20 10:38:55 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BJARKI BJARNASON
Kennitala: 110259-4339
2023-09-20 10:41:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HEIÐRÚN TRYGGVADÓTTIR
Kennitala: 191273-5249
2023-09-20 10:45:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RAGNHEIÐUR ÁSA INGVARSDÓTTIR
Kennitala: 200860-4979
2023-09-20 10:51:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KRISTJÁN G JÓHANNSSON
Kennitala: 110154-3059
2023-09-20 10:56:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Fræðslumiðstöð Vestfjarða

## Ársreikningur

## 2022

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Suðurgötu 12
400 Ísafirði
kt. 511199-2049

# Fræðslumiðstöð Vestfjarða
## Ársreikningur
## 2022

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda. | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-9 |

# Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum**
Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda við könnun**
Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ísafirði, 15. júní 2023

Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Bjarki Bjarnason
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1998. Fræðslumiðstöðin var stofnuð á árinu 1999.

Tilgangur Fræðslumiðstöðvarinnar er að auðvelda íbúum á Vestfjörðum símenntun og þátttöku í námi af ýmsu tagi.

Tekjur umfram gjöld á árinu námu kr. 8.531.254. Laun námu samtals 37 miljónum króna.
Stöðugildi voru 4,4.

**Yfirlýsing stjórnar og forstöðumanns**
Að áliti stjórnar og forstöðumanns Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun

Ísafirði, 15. júní 2023.

**Í stjórn**

**Forstöðumaður**

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög og styrkir | | 33.529.750 | 29.524.154 |
| Sí- og endurmenntun | | 69.745.905 | 68.793.658 |
| | | 103.275.655 | 98.317.812 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (45.613.142) | (56.143.649) |
| Verkefna- og námskeiðskostnaður | | (33.665.413) | (21.920.719) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (7.382.272) | (7.555.456) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (8.671.220) | (7.932.467) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (214.168) | (267.710) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 7.729.440 | 4.497.811 |
| Fjármunatekjur | | 1.017.363 | 64.949 |
| Fjármagnsgjöld | | (329.705) | (111.291) |
| Gengismunur | | 114.156 | (330.008) |
| **Hagnaður ársins** | | 8.531.254 | 4.121.461 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| Eignir | Skýr. | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ........................................ | 6 | 856.671 | 1.070.839 |
| Stofnfé í öðrum félögum ........................................ | | 350.000 | 350.000 |
| | | 1.206.671 | 1.420.839 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur ........................................ | | 18.469.683 | 8.576.433 |
| Handbært fé ........................................ | | 46.675.731 | 27.315.203 |
| | | 65.145.414 | 35.891.636 |
| **Eignir** | | 66.352.085 | 37.312.475 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Stofnfé ........................................ | | 500.000 | 500.000 |
| Óráðstafað eigið fé ........................................ | | 30.749.139 | 22.217.885 |
| **Eigið fé** | | 31.249.139 | 22.717.885 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir ........................................ | | 20.600.823 | 1.644.775 |
| Ónotaðir styrkir ........................................ | | 4.660.100 | 6.196.850 |
| Aðrar skammtímaskuldir ........................................ | | 9.842.023 | 6.752.965 |
| | | 35.102.946 | 14.594.590 |
| Skuldir | | 35.102.946 | 14.594.590 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 66.352.085 | 37.312.475 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 7.729.440 | 4.497.811 |
| Afskriftir | | 214.168 | 267.710 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 7.943.608 | 4.765.521 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun | | (9.893.250) | 5.991.657 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 22.045.106 | 732.835 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 20.095.464 | 11.490.013 |
| Innborgaðir vextir | | 1.017.363 | 64.949 |
| Greiddir vextir | | (329.705) | (111.291) |
| (Greiddur) innborgaður gengismunur | | 114.156 | (330.008) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 20.897.278 | 11.113.663 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Hækkun (lækkun) á ónotuðum framlögum sjóða | | (1.536.750) | 3.782.100 |
| | | (1.536.750) | 3.782.100 |
| Hækkun handbærs fjár | | 19.360.528 | 14.895.763 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 27.315.203 | 12.419.440 |
| Handbært fé í lok árs | | 46.675.731 | 27.315.203 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1998.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Laun | 37.018.128 | 45.711.782 |
| Lífeyrissjóður | 4.838.657 | 5.966.627 |
| Önnur launatengd gjöld | 3.441.592 | 4.129.014 |
| Annar starfsmannakostnaður | 314.765 | 336.226 |
| | 45.613.142 | 56.143.649 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 4,4 | 5,8 |

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 1.006.344 | 49.449 |
| Aðrar vaxtatekjur | 11.019 | 15.500 |
| | 1.017.363 | 64.949 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | (315.711) | (107.473) |
| Dráttarvaxtagjöld | (13.994) | (3.818) |
| | (329.705) | (111.291) |
| Gengismunur | 114.156 | (330.008) |
| | 114.156 | (330.008) |
| | 801.814 | (376.350) |

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða 1.1.2021 | 1.684.174 | 1.684.174 |
| Staða 1.1.2022 | 1.684.174 | 1.684.174 |
| Staða 31.12.2022 | 1.684.174 | 1.684.174 |
| **Afskriftir** | | |
| Staða 1.1.2021 | 345.625 | 345.625 |
| Afskrift ársins | 267.710 | 267.710 |
| Staða 1.1.2022 | 613.335 | 613.335 |
| Afskrift ársins | 214.168 | 214.168 |
| Staða 31.12.2022 | 827.503 | 827.503 |
| **Bókfært verð** | | |
| Staða 1.1.2021 | 1.338.549 | 1.338.549 |
| Staða 1.1.2022 | 1.070.839 | 1.070.839 |
| Staða 31.12.2022 | 856.671 | 856.671 |

## 7. Eigið fé

| Eigið fé greinist þannig: | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2021 | 500.000 | 18.096.424 | 18.596.424 |
| Rekstrarafkoma ársins | | 4.121.461 | 4.121.461 |
| Eigið fé 1.1.2022 | 500.000 | 22.217.885 | 22.717.885 |
| Rekstrarafkoma ársins | | 8.531.254 | 8.531.254 |
| Eigið fé 31.12.2022 | 500.000 | 30.749.139 | 31.249.139 |

## 8. Reikningsskilaaðferðir

### Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

# Skýringar

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

# Sundurliðanir

## Rekstrartekjur

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Rekstrarsamningar | 26.900.000 | 26.500.000 |
| Styrkir | 4.396.500 | 6.456.254 |
| Styrkir geymdir til næsta árs, breyting | 2.233.250 | (3.432.100) |
| | 33.529.750 | 29.524.154 |

## Aðrar tekjur

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Framlög frá ríki v. Íslenska fyrir útlendinga | 4.500.000 | 4.500.000 |
| Framlög frá Fræðislumiðstöð atvinnulífsins | 24.091.270 | 37.541.900 |
| Greitt af þáttakendum | 39.942.467 | 25.602.782 |
| Endurgreiddur brúarkostnaður | 1.212.168 | 1.148.976 |
| | 69.745.905 | 68.793.658 |

## Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Vinnulaun | 37.032.886 | 46.147.227 |
| Bifreiðastyrkir | 248.388 | 299.884 |
| Dagpeningar | 264.360 | 69.800 |
| Tryggingagjald | 2.674.611 | 3.197.250 |
| Lífeyrissjóður | 4.838.657 | 5.966.627 |
| Sjúkra- og orlofsheimilasjóður | 766.981 | 931.764 |
| Áunnið orlof, breyting | (527.506) | (805.129) |
| Slysatryggingar starfsfólks | 140.085 | 132.016 |
| Annar starfsmannakostnaður | 174.680 | 204.210 |
| | 45.613.142 | 56.143.649 |

## Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| EQM Gæðakerfi | 231.800 | 220.400 |
| Félagsgjald | 350.000 | 235.000 |
| Auglýsingar | 33.500 | 96.755 |
| Viðhald skrifstofutækja, áhalda og innréttinga | 169.850 | 398.257 |
| Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta | 3.483.105 | 2.716.866 |
| Sími | 738.794 | 629.802 |
| Burðargjöld | 75.476 | 255.721 |
| Pappír, prentun og ritföng | 230.057 | 580.609 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 1.602.536 | 1.652.622 |
| Gjafir og styrkir | 29.700 | 113.000 |
| Vátrygging búnaðar | 97.724 | 102.644 |
| Annar kostnaður | 339.730 | 553.780 |
| | 7.382.272 | 7.555.456 |

# Sundurliðanir

## Annar rekstrarkostnaður

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Húsaleiga | 5.854.260 | 6.077.510 |
| Rafmagn og hiti | 541.938 | 562.498 |
| Viðhald húsnæðis | 313.107 | 71.568 |
| Ferðakostnaður | 1.307.703 | 137.479 |
| Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur | (135.400) | 450.000 |
| Kaffikostnaður o.fl. | 667.807 | 556.434 |
| Þrif | 121.805 | 76.978 |
| | 8.671.220 | 7.932.467 |